

# Skjólgarður



## Hugmyndafræði

Tillagan er byggð á Eden hugmyndafræðinni, þar sem áhersla er lögð á lífsgæði og velliðan íbúa hjúkrunarheimila. Í umhverfissálarfræði er staðfest að náttúran vegur þyngst í andlegri endurheimt mannsins. Skjólgarður er staðsettur á undurfögnum stað; í nálægð við hafið með fjölbreytilegt, fagurt útsýni og sterk tengsl við náttúruna. Einnar hæðar bygging styrkir þá nálægð, þar sem sérhver heimilismaður er með bein tengsl við jörð um eigin verönd og möguleika á að halda heimilisdýr til samræmis við Eden hugmyndafræði. Lágmarkskuggamyndun er náð og högværð sýnd með tilliti til umhverfis og aðlögun að núverandi arkitektúr.

## Almennt

Byggingunni er skipt upp í þrjár jafnstórar einingar. Í núverandi húsi er 10 manna einingu fyrirkomid, ásamt stöðrymum fyrir þjónustu, jafnt innan heimilis sem utan.




Öll starfsemin er á sama gölfleti. Kjallari núverandi hús er óbreyttur að undanskildu núverandi grófeldhúsi sem nýttist fyrir stækkun búningaástöðu starfsmanna; núverandi þvottúts og tæknirými óbreytt. Nýr aðalinnangangur er í viðbyggingu. Aðkomastarfsmanna er um núverandi inngang, í sameiginlegum þjónustugarði með vörumóttöku og matarsendingum eldhúss, sorpi og aðkomu líkhúss, aðgreint frá aðalinnangi.


Áhersla er lögð á dagsbirtu og gegnsæi. Umferðarymi opnast út í umhverfið í skýrum ásum; hver með sitt einkenni, einkonar leiðarvisir, með kennileitum, sem eykur velliðan heimilismanna. Gluggar ofan við innganga einkaryma varpa dagsljósi niður á inngangssvæði ganga.

## Viðbygging



Í viðbyggingu eru tvær 10 manna einingar. Viðbyggingin er mótuð umhverfis sameiginlegann, inngang; skjólgarð fyrir Skjólgarð. Garðurinn hvetur til útivistar, sóríkur og skjólgóður úr öllum áttum og er aðalandi upplifun séð innan frá húsinu. Þar er fyrirhuguð gróðurvin; ræktun s.s. grænmetis- og skrautjurta; allt heimilisfólk getur tekið þátt þar sem það er öruggt í garðinum. Að garðinum liggja sameiginleg rými með góða yfirsyn. Á milli starfsmannaryma deildanna eru sjónræn tengsl þvert yfir garðinn. Borðstofur eininganna liggja að inngarðinum á meðan setustofurnar teygja sig út í umhverfið; mynda ás sem gefur sýn út fjórðinn; með beina stefnu á Fláajökul.

Í hina átt ássins er bærinn með sínu mannlífi. Mjúk form auka útsýni og yfirsyn. Skyggni veita ennfrekar skjól fyrir ríkjandi vindáttum. Kvöldsólin frá maí byrjun ár hvert, skín þvert um jökulássinn, gegnum garðinn, um setustofu einingarnar. Leikskólinn handan götunnar opnar á tengls heimilisfólks við æskuna. Uppskeyting á milli stofu og borðstofu innan eininga gefur heimilinu aukinn heimilisþrag og fjölbreytileika í upplifun í daglegu lífi. Við aðalinnangang er skrifstofa hjúkrunarforstjóra og fundaraðstaða ásamt snyrtingum fyrir gesti. Þar er góð yfirsyn yfir flæði um húsið og móttaka án truflunar inn á einkaeringar heimilismanna. Kapella er einnig staðsett við nýjan aðalinnangang og er inngangur í hana um aðalandyri hússins. Þannig getur hlutverk hennar verið fjölbættara. Óbein dagsbirta lýsir upp bogavegg gegnt inngangshurð. Birta um þakglugga leiðir inn gang að miðkjarna heimilisins. Fjölnotasalur er miðlægur og tengist bæði inngarði og garði milli núverandi húss og viðbyggingar. Í fjölnotasal fer einnig fram iðjubjálfun. Eldhús er miðlegt, með möguleika á beinni afgreiðslu inn í fjölnotasal við stærri sameiginlega atburði og stærri veislur fyrir heimilismenn og þeirra aðstandendur og vini. Einkarymi viðbyggingar eru með góðri lofthæð og dagsbirtulýsingu til samræmis við núverandi byggingu. Útsýni er frá öllum einkaherbergjum, hvort sem er sitjandi, liggjandi eða standandi. Gegnt er út á einkaverönd og eru öll skilyrði forsagnar uppfyllt.






Afstöðumynd 1:2000



Grunnmynd herbergja með mismunandi uppröðun húsgagna og sameinlegum herbergjum



Afstöðumynd 1:500

**Núverandi bygging**


Í núverandi byggingu eru breytingar gerðar með lágmarks raski burðarvirkis og hámarks nýting miðað við forsoðn. Þrjár einingar eru sameinaðar í tvö herbergi með einka baðherbergjum á milli. Útveggjum baðherbergja er breytt. Við endurgerð er lagt til að gluggar í herbergjum verði einnig síkkaðir með hurð út á einkavernd til samræmis við viðbygginguna. Aðkoma að hverri einingu heimilisins er fram hjá sameiginlegum fjölnotal hjúkunarheimilisins. Dagvist er staðsett í tengslum við fjölnotalinn og getur einnig tengst núverandi setu og borðstofu heimilismanna sem er á óbreyttum stað. Hárgreiðsla/fótsnyrting, sjúkrahjálfun og baðaðstaða er staðsett miðsvæðis. Starfsmannaástaða er óbreytt, að undanskilydri nýri starfsmannasnyrtingu. Sjúkrarými eru staðsett í herbergjum liggjandi að þjónustugarði, í nálægð við starfsmannaástöðu og heilsugæslu. Herbergin eru óbreytt nema snyrtingar sem eru endurgerðar. Gluggar eru óbreyttir á sjúkrarýmum. Þar sem nú eru snyrtingar herbergja úti á milligangi er lagt til að nýta í aðra starfsemi, skv. teikningu að undanskilydu einu baðherbergi gegnt starfsmannaástöðu.

**Útlit**

Viðbygging er látaus og fellur vel að þeim byggingum sem hún tengist. Einkaherbergin eru hærrí einingar líkt og núverandi bygging með hallandi þökum. Þakfórmið dregur einnig úr vindstrengjum. Kapellan rís upp úr annars flötum þakfleti sameiginlegra rýma og skilgreinir, ásamt fundarherbergi, nýjan inngang. Lokaðar veggeiningar í inngarði eru klæddar viðarlistum, með klifurplöntum.

**Efnisval**

Í efnisvali er lögð áhersla á hagkvæmar, vistvænar lausnir. Viðbygging er byggð úr samlimdum, berandi timbureiningum, veggir og þak, einangrað að utan, klætt ljósi málmklæðningu. Flatt þak er gróðurþekja. Grunnplata er staðsteypt. Allur innanúsfrágangur og efnisval skal bera heimilislegan blæ sem styður þá hugmyndafræði að auka vellíðan heimilismanna og uppfylla kröfur um vistvæni og viðhald. Góð hjóðvist skal tryggð með hjóðisogsdúk í loftum og öðrum viðurkenndum aðferðum. Viðarferð veggeininga heldur sér fram á ganga og umferðaryrnum. Sama á við um útveggi og aðra innveggi þar sem ekki er krafist aukinnar hjóðvistar.



Skýringarmynd - Viðbyggingin er látaus og fellur vel að þeim byggingum sem hún tengist. Hún tekur mið af takti og formgerð eldri bygginga en tíðir sig þó á sjálfstæðan hátt.

**Loftræsing**

Miðað verður við að loftræsing uppfylli gæðastig I í staðlinum ÍST EN 15251. Lagt verður upp með að lágmarka orkunotkun með varmaendurvinnslu og stuttum lagnaleidum.

**Lagnakerfi**

Tæknirými verður staðsett á sama staði eldri byggingu. Upphitun hjúkrunarrýma og stöðryma verði með gólfhita og ofnum. Neysluvatnskerfi skal uppfylla nútíma þarfir hjúkrunarheimila. Notast verður við blágrænar lausnir við hönnun á frárennsli og ofanvatni.

**Lýsing - rafkerfi**

Rafagnir verða hannaðar þannig að það passi við rafmagnskerfi í núverandi byggingu t.d. aðgangss- öryggis og sjúkrakallkerfi, lýsing verður samkvæmt gildandi reglugerðum um lýsingu og leitast verður við að uppfylla þarfir vistmanna.

**Löð**


Gönguleiðir frá byggingunni tengjast opnu svæði meðfram ströndinni. Garðsvæði í jökulásnum taka upp Eden þemu; dýr-gróður-börn.

Dvalarsvæði við húsið eru fjölbreytt, grænn inngarður með tjörn, upphækkuð matjurtabeð, gróður og bekkir. Opíð dvalarsvæði er á milli byggingarhluta í góðu skjóli með útsýn til hafs. Garð og torgrymi eru við aðkomugötu, ásamt leiksvæði með skúlptúr þar sem leikskólinn er handan götunnar. Bifreiðastæði malbikuð, stæði fatlaðra hellulögð. Yfirborðsferni á veröndum timburklædd. Hjólastæði eru bæði við aðainngang og starfsmannainngang.


Gert er ráð fyrir möguleikum til dýrahalds í norð-vestur í jökulásnum og teygir sig inn á garðsvæði milli húsa. Gróðurval er látaust og lágt utan við húsið, en fjölbreyttara í inngarði.

**Framkvæmd**

Viðbygging trufar að lágmarki starfsemi og rekstur núverandi heimilis. Með notkun krosslimdra timbureininga stýttist framkvæmdatíminn og hávaði af framkvæmdum er lágmarkaður. Að henni lokinni flytja heimilismenn þangað og endurbætur hefjast við núverandi hús. Núverandi hús má taka í notkun í áföngum; sameiginleg rými með norð-austurhluta á meðan innréttingarinnu líkur að fullu.




Skýringarmynd - Eden stefnan er höfð að leiðarljósi. Meðal þess sem hún leggur áherslu á er tengsl við börn, gróður og dýr. Á jökulásnum má finna svæði sem stuðla að þessu; leikvöllur, gróðurvin og svæði fyrir dýrahald. Opnir eldháskjarnar hvetja til þátttöku í heimilislífnum.




RÝMISYFIRLIT


- 1 - þjónustugarður
- 2 - sorp
- 3 - aðalinnangangur
- 4 - starfsmanninnangangur
- 5 - ljósgrífa/flóttaleið úr kjallara
- 6 - kapella
- 7 - líkgeymsla
- 8 - fundarherbergi
- 9 - skrifstofa
- 10 - vs gestir
- 11 - ræsting
- 12 - eldhús
- 13 - kæli
- 14 - frystir
- 15 - þurrgeymsla
- 16 - fjölnotasalur/iðjubjálfun
- 17 - skol
- 18 - geymsla deild
- 19 - starfsmannaöstaða
- 20 - borðstofa
- 21 - setustofa
- 22 - íbúð
- 23 - skjólgarður
- 24 - matjurtagarður
- 25 - garður/leikvöllur
- 26 - garður/dýrahald
- 26a - kindur
- 26b - hænur/kaninur
- 27 - lyfta
- 28 - dagvistun
- 29 - borðstofa/setustofa
- 30 - snyrtistofa
- 31 - sjúkraþjálfun
- 32 - bað/dagvist
- 33 - miðlæg lyfjageymsla
- 34 - geymsla
- 35 - sjúkrarými 1
- 36 - sjúkrarými 2
- 37 - skol/geymsla



Útlit Norður 1:200



Útlit Suður 1:200



Fjarviddar snið B 1:200 - Jökulásinn

Að ofan: Grunmynd 1:200

Rýmismynd við "krossgötu" hjá fjölnotasal

Rýmistafla


608 7040 - Nýtt hjúkunarheimili á Hornafirði - rýmistafla - DRÖG í jan. 2019

Rými	Kröfur sbr. rýmistafli í samkeppnisýsingu			Heildar-nettó-stærðir	Nýbygging				Skjólgarður					
	Nettó stærð rýma	Fjöldi rýma	Heildar-nettóstærðir		Heildar-nettó-stærðir	m2	Fjöldi	Alls m2	Ath.	m2	Fjöldi	Alls m2	Ath.	Öbreyttir m2
<b>HEIMILI (EININGAR)</b>														
Íbúð með baðherbergi	28,0	30	840	839	838,60	28,1	20	562		29,94	10	276,6	0br	22,80
Borðstofa, setustofa, eldhús; miðað við 9-11 íbúa á einingu - um 10 m <sup>2</sup> á mann	10,0	30	300	236	236,22	10,0	2	200		107,22	1	36,22	0br	71,00
Til viðbótar í hverri einingu er: Starfsmannaöstaða, salerni starfsmanna og lyfjaherbergi; miðað við 9-11 íbúa á einingu - 1,6 m <sup>2</sup> á mann	1,6	30	48	39	38,82	15,3	2	30,6		20,22	1	8,22	0br	12,00
					0,00									
					0,00									
<b>Stoðrymi eininga</b>														
Skiot og þvottur, á hverri einingu	12	3	36	34	34,02	10,44	2	20,88		13,14	1	13,14		
Geymslurými/skápar fyrir hjúkrunarvörur	4	3	12	7	7,08	3,54	2	7,08		4,14	1	0	0br	4,14
					0,00									
<b>SAMEIGNLEG MIÐLÆG RÝMI</b>														
Gestastofur/salerni í fötala - hindrunarfaust snúningsvæði 150 crr	6	2	12	11	10,56	5,28	2	10,56		8,41	1	8,41	0br	0
Ræsting	3	3	9	11	11,11	2,7	1	2,7						
<b>Starfsfólk</b>														
Skrifstofurými fyrir stjórnendur	10	1	10	9	9,14	9,14	1	9,14						
Fundarherbergi	15	1	15	14	13,94	13,94	1	13,94						
Búningaöstaða starfsfólka m. salerni, skápum og sturtu	25	1	25	25	25,00			0		25	1	25	0br	0
					0,00									
<b>Önnur rými</b>														
Framreiðslueldhús ásamt fylgrymum	50	1	50	49	48,60	48,6	1	48,6						
Geymsla fyrir hjálpartæki með hieðslumöguleika	15	1	15	0	0,00			0		15	1	0	0br	0
Sorggeymsla	15	1	15	0	0,00			0		15	1	0	0br	0
Sjúkraþjálfun	30	1	30	34	33,64			0		33,64	1	33,64		0
Iðjubjálfun	15	1	15	15	15,00	15	1	15						0
Tæknirými fyrir inntök, stjórnbúnað o.fl.	20	1	20	0	0,00			0		20	1	0	0br	0
					0,00									
<b>Nettóflatarmál samtals</b>			1452,0	1.322	1321,73			920,5				401,23		
Viðbót fyrir umferðarymi, inn- og útveggi og fleira (um 35%)			498,0	487	486,65			307,75				178,91		
<b>Samtals bruttóflatarmál</b>			1.950,0	1.808,4	1808,38			1228,25				580,14		109,94
<b>Viðbótarymi</b>														
Sjúkrarými 1 m	15,0	2	30	39	39,30			0		19,65	2	39,3		
Sjúkrarými 2 m	20,0	1	20	19	19,09			0		19,09	1	19,09		
Dagvæst m. baðstöðu	40,0	1	40	44	43,75			0		43,75	1	43,75	0br	0
Fjölnotasalur	60,0	1	60	60	60,00	60	1	60				0		
Hárgreiðsla/Fótsnyrtng (samnýtt)	20,0	1	20	20	19,67			0		19,67	1	19,67		
Kapella	25,0	1	25	24	23,60	23,6	1	23,6				0		
Líkhús (geymsla f. 4)	15,0	1	15	14	13,80	13,8	1	13,8				0		
<b>Nettóflatarmál samtals</b>			210	219	219,21			97,4				121,81		
Viðbót fyrir umferðarymi, inn- og útveggi og fleira (um 25%)			70	92	92,10			24,35				67,75		
<b>Alls viðbótarymi (brúttó)</b>			280	311	311,31			121,75				189,56		
<b>Alls nýtt hjúkunarheimili að meðtöldum breytingum í núverandi húsnæði og viðbótarymum sveitarfélagsins (um 280 m<sup>2</sup>)</b>			2.230	2.120	2.120,69			1.350,00				769,70		109,94







Rýmismynd - horft handan Víkurbrautar



Útlit Austur 1:200



Útlit Vestur 1:200



Fjarviðdar snið A 1:200